

Meðferðarheimilið Laugaland
Eyjafjarðarsveit

Ársskýrsla 2014

Meðferðarheimilið að Laugalandi í Eyjafjarðarsveit er einkarekið meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu, sem starfar samkvæmt rekstrarsamningi og undir yfirstjórn stofunnar, sem sinnir jafnframt eftirliti með heimilinu. Eignarhaldsfélagið Pétur G. Broddason ehf. Klettaborg 17, Akureyri var stofnað vegna reksturs meðferðarheimilisins. Meðferðarheimilið hefur verið starfrækt frá árinu 1997, fyrst í Varpholti í Hörgárbyggð síðan að Laugalandi í Eyjafjarðarsveit, frá því í september 2000. Núverandi rekstraraðili og forstöðumaður heimilisins er Pétur G. Broddason. Pétur tók við rekstri meðferðarheimilisins þann 1. nóvember 2007. Breytingar urðu á rekstrarformi heimilisins við að nýr rekstraraðil tók við. Í stað þess að vera heimili rekstraraðila og fjölskyldu hans, varð það heimili þar sem meðferðaraðilar eru á vöktum allan sólarhringinn.

Meðferðarheimilið Laugaland er úrræði sem starfar á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þar fer fram sérhæfð meðferð fyrir börn með alvarlega hegðunarröskun, eru í vímuefnaneyslu og / eða eiga í öðrum alvarlegum erfiðleikum. Meðferðarrými er fyrir sex til sjö stúlkur á aldrinum 13 – 18 ára. Vistunarsamningur er gerður til sex mánaða í senn. Vistunartími getur þó orðið styttri ef stúlkurnar ná viðunandi árangri fyrr að mati vistunaraðila, foreldra og meðferðaraðila.

Starfsmenn

Árið 2014 störfuðu eftirtaldir starfsmenn á Laugalandi í fullu starfi: Pétur G. Broddason forstöðumaður, Hulda Svanhildur Björnsdóttir meðferðarfulltrúi, Ásta H. Stefánsdóttir meðferðarfulltrúi á kvöldin og um nætur, Alda Björg Ármannsdóttir meðferðarfulltrúi á kvöldin og um nætur, Valdimar H. Valsson meðferðarfulltrúi og ART umsjónarmaður BA. í sálfræði og framhaldsskólakennari, Sigmar Ingi Ágústsson meðferðarfulltrúi, Unnsteinn Tryggvason meðferðarfulltrúi, Þórður Jónsson meðferðarfulltrúi, Ármann Örn Sigursteinsson meðferðarfulltrúi. Birna Ágústsdóttir lögfræðingur og stjórnarmaður eignarhaldsfélagsins. Kristján Már Magnússon, sálfræðingur sá um ráðgjafarþjónustu við heimilið sem og meðferðartengd verkefni, Kristján starfar sem verktaki. Herdís Ármannsdóttir meðferðaraðili var í afleysingum. Pétur Már Guðjónsson starfaði sem verktaki við handrits- og kvikmyndagerð Laugaland. Elín Díana Davíðsdóttir sérkennari og umsjónarkennari sérdeildar sá um kennslu stúlkanna veturinn 2014 - 2015. Fleiri kennarar komu þó að kennslu stúlkanna í

Hrafnagilsskóla í hinum ýmsu fögum s.s. textílmennt, heimilisfræði, íþróttum og valfögum. Kennararnir starfa eingöngu í Hrafnagilsskóla en eru í nánu samstarfi við Laugaland. Elín Díanna mætir á starfsmannafundi, meðferðarfundi og í ART á Laugaland. Jóhanna Rögnvaldsdóttir hjá bókhaldsþjónustunni Roðasteini ehf. sá um bókhald og launagreiðslur.

Starfsnám

Á Laugaland kom nemandi frá Háskóla Íslands í vettvangsnám. Nemandinn var við nám á Tólmstunda- og félagsmálfræðibraut Háskóla Íslands. Nemandinn var í vettvangsnáminu í þrjár vikur. Einnig komu nemendur frá Símei þrisvar í heimsókn á Laugaland á árinu með kennurum sínum. Nemendur Símei jar eru við félagsliðanám. Starfsfólk Laugaland s er ánægt stolt með að virtar stofnanir í samfélaginu hafi samband og biðji um aðstoð við að veita nemendum sýnum innsýn í meðferðarstarfið á Laugalandi. Með því sjáum við að Laugaland hefur skapað sér góðan orðstýr og hlotið jákvætt umtal innan menntastofnana.

Meðferðaraðilar á Laugalandi fóru í námsferð til Danmerkur dagana 4. til 7. mars 2014. Tilgangur fararinnar var að heimsækja meðferðarstofnanir í Københavns amt til þess að starfsfólk Laugaland s gæti kynnt sér nýja strauma í þróun meðferðar barna og unglina á Norðurlöndum. Meðferðaraðilar Laugaland s fóru í heimsókn á nýja multifunc meðferðarstofnun fyrir unglina með alvarlegar hegðunarraskanir, Munltifunc á Sundholmsvej. Stofnunin er rekin samkvæmt skipulagi og aðferðum sem byggja á rannsóknnum norska sálfræðingsins Tore Andreasen og annarra á því sem virkar í stofnanameðferð. Þar stefndi hugur okkar að því að heyra um multifunc-aðferðirnar, innleiðingu þeirra og framkvæmd. Einnig fórum við að heimsækja Frederikshøj á Primulavej, sem er skóla- og dagmeðferðarstofnun fyrir börn og unglina með tilfinninga- og hegðunarvanda, en þar eru aðferðir PALS hugmyndafræðinnar (Positiv atferd og stöttende læringsmiljø i skolen = PALS, sem einnig kemur frá Atferdssentret i Osló) færðar frá grunnskólum inn á meðferðarsviðið. Meðferðaraðilum langaði að heyra bæði um notkun PALS aðferðanna í sérdeildum og dagmeðferð á Frederikshøj og einnig

um innleiðingu og aðlögun þessara aðferða að vistheimilum fyrir unglunga með hegðunar- og geðraskanir.

Tilgangurinn með heimsókninni til Danmerkur var að nota kynnin af störfum þessara stofnana til að skerpa á meðferðarstörfum okkar á Laugalandi. Við vildum heyra um skipulag starfs þeirra og þær aðferðir sem starfsfólkið beitir til að fá tækifæri til að meta hvernig við værum að standa okkur í samanburðinum. Það var einnig mikilvægt að heyra hvernig starfsmenn þessara stofnana, sem eru vanir stöðugum faglegum umræðum um starf sitt segðu frá þeim aðferðum sem þeir beita, þannig að við yrðum færari um að setja orð á okkar störf og meðvitaðri um aðferðir okkar. Síðast en ekki síst langaði okkur að kynnast starfsumhverfi meðferðarstofnana í Danmörku, stjórnkerfinu, lagaumhverfi og aðferðum við innritun skjólstaðinga. Ferðin til Danmerkur var starfsfólki Laugalandis ánægjuleg og fróðleg í alla staði.

Vistanir á Laugalandi

Skv. ársskýrslu Barnaverndarstofu voru innskriftir/komur á árinu 2014 6. Allar stúlkurnar höfðu áður fengið meðferð og greiningu á meðferðardeild Stuðla og/eða á Barna- og unglिंगageðdeild Landsspítala Háskólasjúkrahúss, áður en til vistunar kom á Laugalandi.

Samkvæmt ársskýrslu Barnaverndarstofu fyrir árið 2014 var meðalaldur stúlkanna 16,6 ár við lok dvalar á Laugalandi og meðallengd dvalar 294 dagar, þar sem lengsta dvöl var 665 dagar og stysta dvöl 33 dagar. Dvalardagar á árinu 2014 voru 1.485 dagar og nýtingin því 67,8%.

Meðferðarstarfið

Yfirmarkmið meðferðarinnar á Laugalandi eru:

1. Að stúlkurnar öðlist jákvæða reynslu af heilbrigðum lífsháttum
2. Að stúlkurnar læri að fara eftir reglum, ganga vel um, taka tillit til annarra og að bera virðingu fyrir sjálfri sér og öðrum.
3. Að stúlkurnar geti sett sér raunhæf markmið í meðferðinni, námi og samskiptum og læri hvernig hægt er að ná þeim.
4. Að unnið sé á faglegan hátt að góðum tengslum milli stúlkanna annars vegar og

fjölskyldu þeirra hins vegar.

5. Að stúlkurnar nái að vinna sér inn traust hjá foreldrum og meðferðaraðilum.
6. Að stúlkurnar fái tækifæri til að vera virkir þátttakendur í þeirri meðferðarvinnu sem boðið er uppá á meðferðarheimilinu og að þær fái að taka þátt í mótun dagskrá Laugalandis.
7. Að stúlkurnar stundi skóla eða vinnu reglulega að vetri og vinnu við hæfi að sumri.
8. Að stúlkurnar öðlist innsæi í fyrri hegðun og nái að vinna sig út úr þeim vandamálum sem upp hafa komið í þeirra nærumhverfi.
9. Að stúlkurnar læri að nýta sér þau bjargráð sem þeim eru kennd á Laugalandi.
10. Að stúlkurnar öðlist sjálfstraust og sjálfsvirðingu í meðferðinni og geti sagt NEI og JÁ að meðferð lokinni, þegar þau orð eiga við.

Í meðferðinni að Laugalandi er lögð áhersla á að stúlkurnar sýni heiðarleika í orðum og gerðum og standi fyrir máli sínu. Gerðar eru kröfur um að stúlkurnar standi við skuldbindingar sínar á heimilinu í skóla og vinnu. Lögð er áhersla á að veita stúlkunum jákvæðar upplifanir í leik og starfi. Hvatning og hrós er því mikilvægur þáttur í meðferðarstarfinu.

Meðferðarstarfið. Rauði þráðurinn í meðferðarstarfinu í dag liggur í þessum setningum sem hljóma daglega á Laugalandi, **“þú tekur ábyrgð á meðferð þinni sjálf en við munum aðstoða þig”** eða **“árangurinn átt þú sjálf, enginn gerir þetta fyrir þig, en við munum vera með þér”**. Sjónum meðferðaraðila er fyrst og fremst beint að því jákvæða í hegðun stúlkanna.

Á Laugalandi er lögð áhersla á meðvitaða og úthugsaða skipulagningu á meðferðarumhverfinu, á viðmóti meðferðaraðila og félagsskap stúlkanna, í þeim tilgangi að gefa þeim tækifæri til að þroska færni sína; auka tilfinningagreind og félagsfærni og efla persónuuppbyggingu og innri hugræna færni þeirra. Meðferðarumhverfið á Laugalandi er „þolinmótt“ gagnvart hegðun stúlkanna. Að okkar mati eru þau hegðunareinkenni sem stúlkurnar sýna, merki um að þær eigi í innri baráttu. Reynslan hefur sýnt okkur að ef við reynum að leiðrétta einkennin, upplifa þær það sem skort á skilningi og samkennd. Meginregla okkar er að reyna ekki að vinna á einkennunum fyrr en við skiljum hvað er að gerast með viðkomandi stúlku. Yfirleitt sjáum við að neikvæð hegðunareinkenni hverfa

líkt og af sjálfu sér, þegar stúlkan finnur að hún mætir skilningi hjá meðferðaraðilum á stöðu sinni og vanda og nær að vinna úr tilfinningum sínum. Í meðferð stúlkanna sýnum við stúlkunum, að við tökum þeim eins og þær eru og að við höfum nægan vilja og þol til að halda ró okkar yfir því sem við heyrum og sjáum. Þetta er sérstaklega mikilvægt í upphafi meðferðar þegar fyrstu tengsl okkar við þær eru að hefjast. Þær stúlkur sem til okkar koma, hafa flestar átt í erfiðleikum með að finna jákvæða svörun við tilfinningalegum þörfum sínum. Við leitumst við að veita þeim það viðmót og þá svörun sem þær þurfa. Heiðarleiki, samkvæmni milli orða og gerða, réttlátar kröfur og staðfesta í því sem við bjóðum stúlkunum, eru mikilvægir þættir í að byggja upp traust meðferðartengsl. Við hvetjum og kennum stúlkunum að vera heiðarlegar í samskiptum og gefum þeim tækifæri til að spreyta sig í samskiptum við starfsmenn, fjölskyldu og féлага, með þátttöku í ýmsum atburðum og með tíðum heimferðaleyfum.

Daglegt starf á Laugalandi markast af reglusemi og verða stúlkurnar fyrir stöðugum áskorunum, með að standa sig í meðferðarumhverfinu. Stúlkurnar hafa stöðugt tækifæri til að taka þátt í ýmiss konar samskiptum og athöfnum með meðferðarfélögum og meðferðaraðilum, innan þess ramma sem heimilið og umhverfi þess bjóða uppá. Þannig er alltaf ljóst hvað ætlunin er að gera og síðast en ekki síst að þær geta líka mótað það, sem gerist í dagskránni á heimilinu. Vegna þeirra góðu tengsla, sem við náum við stúlkurnar höfum við séð að þær finna fyrir innri hvatningu til að fylgja eftir reglum.

Meðferðaraðferðir byggja á því að þrepaskipta stöðu hvernar stúlku frá 1. upp í 5. þrep. Auk Samningsþreps, sem telst þó ekki til hinna fimm því stúlkur setja sig á það þrep sjálfar, með óheiðarleika eða neikvæðri hegðun. Tilgangurinn með þrepakerfinu er að skapa með því hvetjandi kerfi, þar sem stúlkurnar hafa mestan ávinning af að sýna góða hegðun og þar sem neikvæð hegðun hefur neikvæðar afleiðingar fyrir þær. Með neikvæðum afleiðingum er, fyrst og fremst átt við hlunninda- eða réttindamissi. Lögð er áhersla á að dvelja ekki við neikvæð hegðun, þess í stað að leggja alla áherslu á að undirstrika jákvæða hegðun, leiðbeina um hana og styðja. Þessi aðferð hefur reynst okkur vel og virkar í raun eins og leikur eða keppni við sjálfa sig að spreyta sig á að ná eins langt og hægt er. Þrepakerfið hjálpar okkur meðferðaraðilunum við að ramma inn meðferðarstarfið og gera það skilvirkara. Þrepakerfið á ekki einungis við á meðferðarheimilinu því hegðun í skóla hefur einnig áhrif á þrepastöðu viðkomandi stúlku.

Stúlkunum finnst mikilvægt að vinna sér inn traust hjá meðferðaraðilum, kennara og ekki síst foreldrum til að fá aukin réttindi þegar ákveðin sátt við stöðu þeirra hefur náðst, sem og innsýn í þá hegðun sem þær höfðu viðhaft áður en til vistunar á Laugaland kom. Hér að neðan gefur að líta þrepin og til hvers er ætlast á hverju þrepi sem og hvaða réttindi stúlkurnar fá við að hækka um þrep.

1. þrep-byrjunarþrepið

Stúlka sem er nýkomin á Laugaland er á 1. þrepi (byrjunarþrepi) í tvo til fjóra daga eftir því hve lengi hún er að ná því stigi að vilja vera með í því sem er að gerast í dagskránni. Á þessu þrepi er stúlkan undir eftirliti meðferðaraðila og í mestri umgengni við þá. Hún sækir sjálf skriflega um 2. þrep (þátttökuþrepið) þegar hún vill vera með í því sem fram fer á heimilinu. Þegar hún er tilbúin til að vakna á morgnana, borða með öðrum allar máltíðir, snyrta sig, klæða og fara í skólann. Reynslan sýnir að yfirleitt fara stúlkurnar að taka fullan þátt og sækja um 2. þrepið eftir tvo til fjóra daga þó er það einstaklingsbundið. Lögð er áhersla á að sýna stúlku á byrjunarþrepinu jákvætt viðmót, skilning og stuðning.

Eftir að stúlka hefur lagt fram 2. þreps verkefnið sitt og verið samþykkt á það þrep af meðferðaraðilum og meðferðarfélögum fær hún í hendurnar handbók sem í eru upplýsingar um meðferðarheimilið Laugaland.

2. þrep-þátttökuþrepið

Eins og nafnið bendir til, þá byggir þetta þrep á þátttöku stúlkanna í leik og starfi. Á þessu þrepi umgangast stúlkurnar meðferðarfélaga að vild, fara í skóla eða vinnu, taka þátt í heimilishaldi og annast vel um sjálfa sig. Auk þess taka þær þátt í þeirri útivist, bæjarferðum, skemmtunum, og síðast en ekki síst öllum meðferðarfundum og ART sem dagskráin á Laugalandi gerir ráð fyrir. Á þessu þrepi, sem stúlkur dvelja oftast á í u.þ.b. tvo mánuði, getur þó tekið lengri eða styttri tíma, fara þær að gera sér vel grein fyrir vanda sínum og hafa fengið nokkur verkfæri frá meðferðaraðilum til þess að glíma við hann. Þátttökuþrepið er einna erfiðasta þrepið í meðferðinni, þar sem stúlkurnar láta þarna af mótþróanum ef hann hefur verið til staðar og horfast í augu við sjálfa sig og það að þær einar bera ábyrgð á hegðun sinni. En á sama tíma er þessi staða einna skemmtilegasti tíminn í meðferðinni, þar sem þær finna sterkt fyrir hvers þær eru megnugar og verða ítrekað stoltar af sjálfri sér. Þær hrasa oftast þarna í fyrstu heimfararleyfunum, en þá förum við yfir það með þeim hvað brást og höldum síðan áfram. Einkunnarorðin á þessu þrepi eru, að

“mistök er mjög hraðvirk leið til að læra” og svo gerir maður betur næst. Þar sem mistökunum fylgja ekki skammir eða reiði neins, segja þær okkur hiklaust frá þeim sjálfar og gera mistökin síður aftur. Þetta er á þeirra ábyrgð, bæði hrösun og árangur.

Þegar stúlkunum finnst þær tilbúnar til aukinnar ábyrgðar á eigin meðferð, sækja þær skriflega um að fara á 3. þrep (ábyrgðarþrepið). Til þess að komast á 3. þrep, þarf viðkomandi stúlka að taka ábyrgð á því sem varð til þess að hún fór í langtímameðferð. Hún leggur fram og les upp á meðferðarfundum verkefni sem hún hefur unnið í samráði við meðferðaraðila og svarar áleitnum spurningum því tengdu um ýmsa atburði sem hún tók þátt í eða var upphafsmaður að og voru ólöglegir eða hættulegir. Þetta er gert á jákvæðan hátt, án fordóma eða hneykslunar og finna þær jafnan til mikils léttis þegar þær hafa tekið þessi fyrstu skref til ábyrgðar á gjörðum sínum.

3. þrep-ábyrgðarþrepið

Á þessu þrepi eru stúlkurnar í 2 til 3 mánuði. Þær taka nú aukna ábyrgð, í orðum og gjörðum og á öðrum. Þær undirrita samning þar sem þær samþykkja að taka ábyrgð á sinni meðferð. Þær taka á móti nýliða, fá aukinn vasapening, svara í síma heimilisins, fá fleiri símatíma bæði við foreldra og í vini sem foreldrar samþykkja og þær fá leyfi til að vera einar bæði úti og inni. Þær geta farið einar í göngu, bæjarferðir, líkamsrækt, skólaskemmtanir, setið í almennum bekk í skólanum ef námslegar forsendur eru fyrir hendi, haft tölvu á herbergi sínu þó án þess að komast á veraldarvefinn. Þeim er treyst til aukins frelsis í hvívetna ásamt fjölgun heimfararleyfa. Þeim er einnig trúað fyrir ýmsum ábyrgðarstörfum og hvers kyns verkefnum sem auka færni þeirra til að takast á við það sem framundan er eftir útskrift frá Laugalandi. Á þessu þrepi hefst hið eiginlega útskriftarferli. Markmið viðkomandi stúlku tengjast því sem stúlkan þarf að ná tökum á til þess að geta lifað farsælu lífi að lokinni dvölinni á Laugalandi. Á þessu þrepi tekur hún aukinn þátt í að leysa vandamál sem tengjast fjölskyldu hennar. Hún er virkur aðili á meðferðarfundum með fjölskyldunni og í fjölskyldusamtölum. Hún vinnur verkefni tengd fjölskyldunni og tekur ábyrgð á lausnum og úrvinnslu þeirra. Þarna er unnið markvisst að því að tengja stúlkuna traustum böndum við fjölskyldu sína á ný og aðstoða foreldra og börn við að ná tökum á því að tala saman á ný og leysa þau mál jafn óðum sem upp koma í þeirra samskiptunum.

Þegar stúlkan er tilbúin, sækir hún skriflega um 4. þrepíð og vinnur verkefni sem tengjast því. Verkefnin eru einstaklingsbundin en yfirleitt hafa þær gert upp fortíð sína með því að skrifa ævisögu sýna frá A til Ö þar sem allt kemur fram og lesið verkefnið upp á meðferðarfundum og svarað spurningum því tengdu. Einnig þurfa þær að geta fyrirgefið sjálfri sér og öðrum það sem kom þeim á Laugaland. Ef eitthvað hvílir á samvisku hennar t.d. vegna fyrri mistaka, þarf hún að gera tilraun til að létta á sér með því að biðjast afsökunar, leiðrétta ósannindi eða greiða tilbaka allt eftir því sem við á. Hún ákveður sjálf hvað hvílir þyngst á henni og hvað hún vill gera til að létta á sér.

4. þrep-fyrirmyndarþrepíð

Á þessu þrepi hefur útskriftardagur jafnan verið ákveðinn og undirbúningur að útskrift hafinn. Stúlkur á þessu þrepi eru til mikillar fyrirmyndar alls staðar þar sem þær eru. Þær aðstoða meðferðarfélagana sína svipað eins og starfsmaður. Þær eru fyrirmyndir þeirra sem styttra eru komnir í meðferðinni. Þær eru vinir er til vammis segja og hvetja hinar stúlkurnar til að takast á við vanda sinn. Þeim getur einnig verið treyst fyrir húslyklum ef þarf, þær fá eigin GSM síma og hafa frjálsan aðgang af nettengdri fartölvu. Stúlka á 4. þrepi getur dregið sig í hlé, en hefur þó aðstoðarskyldur við meðferðarfélagana ásamt hússkyldum. Á 4. þrepi fær stúlkan aukið tækifæri til að spreyta sig og getur sjálf látið vita ef eitthvað vantar á getuna og hún þarf aðstoð við frá meðferðaraðilum. Hún leitar ráða hjá meðferðaraðilum meira eins og til vina í stað kennara. Á þessu þrepi er hún heiðarleg í hvívetna og hegðunin eins óaðfinnanleg og forsendur hennar gefa tilefni til.

Stúlkurnar eru einstaklingar með ólíka getu, ólíkan bakgrunn og ólíkar þarfir. Þar af leiðandi gerum við ekki ráð fyrir sömu hegðun allra á þrepunum, en sníðum kröfurnar eftir hverri og einni hverju sinni. Þetta hefur gert það að verkum að sumar eru lengur en aðrar að ná sömu markmiðum, en komast þó oftast nær. Við reynum því að taka tillit til einstaklingssérkenna stúlkanna og að þær haldi þeim, en fella þær ekki allar í sama mót, þrátt fyrir að hegðunarmótun eigi sér óneitanlega stað.

5. þrep útskriftarþrepið

Eins og nafnið bendir til þá er stúlka á 5. þrepi að útskrifast. Hún hefur þá lokið sinni meðferð, átt góð heimferðarleyfi, hefur bætt samskipti við fjölskylduna leyst öll verkefni sem fyrir hana hafa verið lögð á Laugalandi með sóma.

Samningsþrepið

Ef stúlku verður á og hún tekur ákvörðun um að fara ekki eftir þeim reglum, sem eru á heimilinu, eða hún tekur ákvörðun um að gera eitthvað sem samrýmist ekki því þrepi, sem stúlkan er á. Setur hún sig sjálf á samningsþrep. Við það missir hún öll hlunnindi sem hún hafði á því þrepi sem hún var á. Ef hún hefur unnið sér inn hlunnindi en ekki tekið þau út geymast þau þar til hún hefur aftur komist á sinn fyrri stað innan þrepakerfisins. Stúlkur eru yfirleitt ekki lengi á samningsþrepi. Þær segja frá mistökum í samtölum við meðferðaraðila og á meðferðarfundum, leggja fram verkefni og sækja um að fá að halda áfram. Á þessu þrepi reynir mjög á meðferðaraðila og viðkomandi stúlku um að ná samningum og finna leiðir til að hún geti haldið áfram í meðferðinni.

Hlutverk meðferðaraðila í tengslum við þrepakerfið

Mikilvægt er að meðferðaraðilar séu öruggir og samstíga í tengslum við þrepakerfið, þannig að viðbrögð þeirra skili árangri til stúlkanna. Meðferðaraðilinn er sá sem aðstoðar stúlkurnar við að standa sig. Hann tekur ákvarðanir og ræðir viðbrögð eða afleiðingar við samstarfsfólk – ef einhver stúlkanna með hegðun sinni hefur sýnt að hún sé ekki tilbúinn til að hegða sér í samræmi við þrepið þ.e.a.s. taki ekki ábyrgð í samræmi við þau réttindi sem þrepinu fylgja. Yfirmarkmið með þrepakerfinu er að stúlkurnar læri að lifa í sátt við sjálfar sig og aðra.

Einstaklingsmiðuð meðferð

Á innskriftarfundum, þar sem eru foreldrar, barnaverndarfulltrúi, viðkomandi stúlka, forstöðumaður meðferðarheimilisins og sálfræðingur, eru sett almenn markmið fyrir meðferð hvernar stúlku. Þetta er gert á grunni þeirra lýsinga sem fylgir hverri stúlku frá foreldrum, barnaverndarfulltrúa og frá starfsmönnum fyrri meðferðarárræða, s.s. Stuðla, BUGL eða MST. Strax þegar starfsmenn meðferðarheimilisins kynnast hverri stúlku og

birtingarmynd vanda hennar í meðferðinni skýrist, er hegðun hennar og líðan rædd á starfsmannafundum og á meðferðarfundum. Þannig er leitast við að ná betri skilningi á viðbrögðum hennar og meðferðarþörf og hnitmiða meðferðaráætlun. Einnig setur hver stúlka sér skammtímamarkmið með sínum tilsjónarmanni. Þau vinna svo saman að því að meta hvernig gangi að ná markmiðunum. Viðkomandi stúlka og tilsjónarmaður hennar kynna fyrir öðrum stúlkum og meðferðaraðilum að hvaða markmiðum hún er að vinna að á markmiðafundum.

Samráðsfundur er haldinn sex vikum frá innskrift hvernar stúlku. Eftir það eru samráðsfundur á u.þ.b.. tveggja mánaða fresti. Á samráðsfundi koma forsjáraðilar og barnaverndarfulltrúi. Fyrir hvern samráðsfund er gerð samantekt á hegðun stúlkunnar, líðan hennar og stöðu. Þessi samantekt er yfirleitt grunnur umræðnanna á samráðsfundum, auk þess sem fram hefur komið á meðferðarfundunum og því sem foreldrar segja frá af hegðun stúlkunnar í heimferðarleyfum. Þessar umræður draga oft fram þátt foreldranna í lífi stúlnanna og þemu í samskiptum þeirra og unglingsins eru í framhaldinu tekin upp í meðferðinni. Ýmsar óskir og ábendingar foreldranna eru teknar inn í meðferðaráherslur, eftir föngum. Á samráðsfundum eru gerðar áætlanir um næstu heimferðarhelgar og skipulag þeirra, leyfi stúlnanna, skólagöngu, aðgerðir eftir útskrift o.fl.

Fjölskyldustarf

Á meðan á meðferð stúlnanna stendur koma foreldrar og eða forsjáraðilar þeirra í viðtöl eins oft og mögulegt er og alltaf í tengslum við komu þeirra á samráðsfundi. Samráðsfundir eru haldnir á tveggja mánaða fresti út meðferðartímann. Fjölskyldufundir eru á þriggja til fjögurra vikna fresti. Fjölskyldufundina sitja forráðamenn, Kristján sálfræðingur, meðferðaraðili sem er tilsjónarmaður viðkomandi stúlku ásamt stúlkunni. Á fjölskyldufundunum er lagður grunnurinn að meðferð hvernar stúlku og sú fjölskyldumeðferð sem þar fer fram verður fjölskyldunni til leiðsagnar í umgengni sinni við stúlkuna í heimfararleyfum. Einnig aðstoðum við fjölskyldurnar til að leysa úr erfiðum fjölskyldumálum og styrkjum stoðir hennar. Megin áherslan er lögð á að hjálpa eða kenna fjölskyldunni að ræða saman án þess að lenda í rifrildum. Að vinna verkefni saman og semja um þau atriði sem þau eru ósammála um. Aðstoða þau við að tala um tilfinningar og gera upp gömul vandamál sem hvíla á þeim og hafa orðið byrði. Stundum er nauðsynlegt

að foreldrarir fái hjónameðferð í nokkur skipti til að hjálpa þeim að standa saman, tala saman eða koma fram sem sterk eining.

Meðferðarfundir / samtöl

Þegar stúlkurnar eru farnar að sýna samstarfsvilja og farnar að fá innsæi í sitt fyrra líf og vilja fara að ræða afdrif sín og vandamál dýpra hafa þær farið í einkasamtöl til sálfræðings heimilisins. Einnig fara stúlkurnar reglulega, jafnvel daglega í einkasamtöl til meðferðaraðila Laugaland. Í samtölum við stúlkurnar vinna meðferðaraðilar Laugaland eftir hugmyndafræði *Áhugahvetjandi samtals* (Motivational Interviewing MI) Meðferðaraðilar hafa sótt í boði Barnaverndarstofu tvö ítarleg námskeið í samtaltækninni MI. *Áhugahvetjandi samtöl* byggir á samvinnu við skjólstæðinginn. Í stað innrætingar er leitast við að kalla fram og efla innri áhugahvöt til hegðunarbreytinga. Með þessari leið er leitast við að skapa jákvæða hegðunarbreytingu á styttri tíma en almennt er talið mögulegt. Áhersla er lögð á að forðast siðapredikanir, sem eru til þess fallnar að ýta undir mótþróa og draga úr vilja einstaklingsins til breytinga. Meðferðaraðili ber virðingu fyrir sjálfstæði viðmælanda síns, rétti hans og getu til að taka eigin ákvarðanir innan ákveðinna marka. Rannsóknir hafa leitt í ljós að *áhugahvetjandi samtöl* MI ber árangur í bráðþjónustu og meðferðarvinnu með unglingum sem glíma við hegðunar- og vímuefnavanda. *Um er að ræða samtalsstíl sem byggist á samvinnu og hefur það að markmiði að efla bæði áhugahvöt viðmælandans og skuldbindingu til að breyta hegðun.* – Miller & Rollnick (2013).

Meðan á meðferðinni stendur eru haldnir fjölmargir meðferðarfundir ásamt ART og hefur hver fundur sinn ákveðna tilgang. Einnig fá stúlkurnar samtöl við ráðgjafa Barnahúss að jafnaði tvisvar í mánuði. Einnig er reynt að koma því við að þær hitti ráðgjafa sinn frá Barnahúsi í heimfararleyfum.

Á mánudögum eru **Lífsleiknifundir** og er markmið þeirra að styrkja stelpurnar andlega, efla sjálfstraust í gegnum tjáningu ásamt því að kenna þeim góð gildi og hvernig þau geta nýst þeim í hinu daglega lífi. Fundurinn fer þannig fram að á hverjum fundi er eitthvað ákveðið þema. Ef þema fundarins er tjáning þá er meðal annars ljóð samín og lesin upp, við spilum einnig actionary sem fer þannig fram að einstaklingurinn dregur miða og á síðan að leika það sem stendur á miðanum og hinir giska. Einnig förum við í hópeflisleiki sem fela í sér tjáningu. Ef þema fundarins er fræðsla þá förum við í hin góðu gildi. Dæmi um

hin góðu gildi getur verið, hjálpsemi, góðvild, heiðarleiki og svona mætti lengi telja. Við förum í gegnum það hvernig þessi góðu gildi geta nýst manni í lífinu. Stúlkurnar koma jafnvel með reynslusögur af sjálfum sér í tengslum við þau gildi sem fjallað er um. Einnig er fjallað um almenna fræðslu eins og mataræði, líkamlega heilsu og andlega heilsu svo eitthvað sé nefnt.

Á miðvikudögum er **Jákvæðnifundur** þar sem stúlkurnar skrifa eitthvað jákvætt um hverja aðra og lesa upp fyrir hópinn. Skrif þeirra eiga að beinast að því jákvæða eða þeim framförum sem þær hafa sýnt í vikunni fyrir fundinn. Eftir lesturinn fer fram leynileg kosning þar sem stúlkurnar ásamt starfsmönnum kjósa jákvæðustu stúlku liðinnar viku. Nafn jákvæðustu stúlkunnar er sett á fallega skreytt blað með mynd af viðkomandi og sett í ramma í borðstofu heimilisins og er þar til næsta jákvæðnifundar.

Á fimmtudögum er **meðferðarfundur/markmiðsfundur** þar sem saman eru komnir flestir meðferðaraðilar hússins ásamt sálfræðingi. Á fundinum er farið yfir þau markmið sem stúlkurnar hafa sett sér, hvaða einkunn þær gefa sér fyrir liðna viku og ný markmið sem þær telja sig þurfa að setja sér rædd. Á þessum fundum er einnig farið yfir þrepin og umsóknir um þrepahækkun og helgarleyfi ef einhver eru framundan. Þessi fundur er stærsti fundur vikunnar og kemur í kjölfar **starfsmannafundar** sem er fyrr þennan sama dag.

Á sunnudögum er **Líðanfundur** á honum setjast stúlkur niður með starfsmönnum og ræða hvernig líðan þeirra er. Farið er yfir hvernig viðkomandi stúlku líður í hópnum ásamt tengsl viðkomandi við foreldra sína.

Samskiptafundir eru haldnir reglulega á þeim er farið yfir samskiptin á milli stúlkanna. Ýmislegt kemur upp á í samskiptum þeirra á milli, sem þarf að ræða og hjálpa þeim við að leysa.

Einkasamtöl við ráðgjafa og forstöðumann eiga sér stað daglega. Stúlkurnar eru að jafnaði duglegar að koma og ræða við meðferðaraðila og forstöðumann um sín mál.

Þegar farið er í húsverkin er haldinn svokallaður **Verkfundur**, þar sem farið er yfir verkaskiptinguna og þau húsverk sem þarf að gera þann daginn.

Félagfærniþjálfunin **ART** (*Agression Replacement Training*) var tvisvar í viku á haust- og vorönn 2014/2015. Markmiðið með ART þjálfun er að efla félagsfærni, reiðistjórnun og siðgæðisþroska hjá stúlkunum. Í félagsfærniþjálfun eru kennd jákvæð samskipti í daglega lífinu með umræðum, hlutverkaleikjum og ýmis konar verkefnum. Reiðistjórnun leggur til

grundvallar nám við að bregðast við árekstrum með því að þekkja hvað kveikir reiði, hvað gerist innra með einstaklingnum þegar hann reiðist, hvernig brugðist er við og hvaða afleiðingar reiði getur haft á einstaklinginn og umhverfi hans. Við eflingu siðgæðisþroska er rökrætt undir eftirliti þjálfara út frá klípusögum þar sem fyrir koma siðferðileg álitamál. Stúlkurnar fengu viðurkenningarskjal í lok hvers námskeiðs í siðferðilegri rökræðu, reiðistjórnun og félagsfærniþjálfun. Ákveðinn kúltúr hefur skapast á meðferðarheimilinu í tengslum við ART og í öllum samræðum á milli starfsfólks og stúlkanna liggur andi ART í loftinu. Starfsfólk Laugalandis hefur skapað sér góðan orðstír vegna festu og hæfni við þjálfun í ART.

London

Ákveðið var á haustdögum 2013 að farið yrði í fjögurra daga ferð til London í apríl 2014. Farin var ferð í apríl 2013 með sex stúlkur frá Laugalandi til London sú ferð heppnaðist gífurlega vel í alla staði og því var ákveðið að fara aftur 2014. Stelpunar áttu í fyrstu erfitt með að trúa því að meðferðaraðilum væri alvara með þá hugmynd að farið yrði aftur til London. En þegar skipulagning hófst á ferðinni tók við mikil eftirvænting hjá þeim. Stúlkurnar þurftu talsvert að leggja á sig varðandi fjáröflun fyrir ferðina. Þær fóru m.a um sveitina og seldu kleinur sem þær höfðu steikt með aðstoð meðferðaraðila. Einnig fengu þær 400 þúsund króna styrk úr minningarsjóði Sigrúnar Mjallar Jóhannesardóttur. Ferðin var farin dagana 10. til 13. apríl 2014. Fyrirhugað var að fara með sex stúlkur í ferðina en því miður komust þrjár ekki með. Þrjár stúlkur fóru því í ferðina til London að þessu sinni ásamt þremur meðferðaraðilum. Gist var á góðu hóteli nærri Oxfordstreet. Farið var í ýmsar skoðunarferðir í London ásamt því að fara út að borða. Skemmtilegast fannst stúlkunum að vera á Oxfordstreet að versla. Stúlkurnar þrjár stóðu sig allar frábærlega vel og var það hin mesta skemmtun að vera með þeim í ferðinni.

Tómstundir/afþreying

Síðastliðið ár hafa þær stúlkur sem hafa vistast á Laugalandi stundað ýmiss konar afþreyingu. Yfir vetrarmánuðina er mikið saumað, þrjónað, spilað, málað, teiknað og fönðrað úr hinum ýmsu efnum. Þar sem einungis eru stúlkur á Laugalandi eru haldin dekurkvöld reglulega þar sem þær fá fræðslu um andlitsfórðun o.fl. því tengdu. Stúlkurnar

fara þá í andlitsböð og naglasnyrtingu og dekra við sjálfan sig og hverja aðra. Á þessum dekurkvöldum skapast alltaf góð og kósý stemning.

Hreyfing er stór þáttur í meðferðarstarfinu á Laugalandi. Gengið er á fjöll í nágrenninu, vinsælt er að fylgja gönguleiðum í Kjarnaskógi. Einnig var farið oft í viku í líkamsræktarstöðina Átak á Akureyri. Stúlkurnar fóru ásamt meðferðaraðilum fjórum sinnum í sumarbústað veturinn 2014/2015. Um Verslunarmannahelgina 2014 fóru starfsmenn með stúlkur í sumarbústað á Austfjörðum og dvöldu þar í viku.

Snjósleðaferðir eru mikið stundaðar á Laugaland yfir veturinn. Laugaland á snjósleða og er hann óspart notaður af stúlkunum. Stúlkurnar voru sem fyrr iðnar við að fara í sund en í þeim ferðum er áherslan þó frekar á leik en markvissa hreyfingu. Hlíðarfjall er í næsta nágrenni Laugaland en þar er skíðaparadís Norðurlands. Veturinn 2014 þegar nægur snjór var kominn má segja að farið hafi verið á snjóbretti eða skíði um hverja helgi. Stúlkurnar hafa margar hverjar aldrei stigið á bretti eða skíði fyrir komu á Laugaland. Þær fá leiðsögn og kennslu allt eftir því sem við á og hafa þær verið mjög fljótar að tileinka sér þessa vetraríþrótt. Einnig höfum við notið góðs af skautahöllinni á Akureyri.

Bíóferðir til Akureyrar voru a.m.k. þrisvar til fjórum sinnum í mánuði, allt eftir framboði bíómynda. Einnig fóru stúlkurnar í leikhús bæði sáu þær leikrit hjá LA og í Freyvangsleikhúsinu. Stúlkurnar hafa haft bæði gagn og gaman af leikhúsferðunum og hugsa þær með opnari huga til þessara upplifana í leikhúsinu.

Yfir sumartímann 2014 var meira einblínt á afþreyingu sem hægt var að stunda utandyra. Farið var í útilegur þar sem gist var í tjöldum yfir nótt og grillað úti í náttúrunni. Farið var reglulega í dagsferðir um Norðurland og stúlkunum kynnt það sem nágretta bæjarfélögin hafa upp á að bjóða í afþreyingu s.s. söfn og fleira. Veiði á silungi í hinum ýmsu vötnum, ám og í sjó á Norðurlandi var mikið stunduð yfir sumartímann 2014 líkt og undanfarin sumur. Farið var í hvalaskoðunarferðir frá Húsavík eða Ársskógsströnd, einnig í River Rafting frá Bakkflöt. Farið var reglulega á hestbak með stúlkurnar þ.e.a.s. þær sem þorðu á hestbak, fjósferðir og í fjárhúsin í sauðburðinum vorið 2014. Reglulega var farið í hjólaferðir og línuskauta um nágrennið og á Akureyri.

Hefð hefur skapast fyrir því á Laugalandi að taka myndir og myndbönd af stúlkunum við hinar ýmsu tólmstundir og störf. Myndböndin eru svo sýnd í útskriftarveislu viðkomandi stúlku og skapast oft hin mesta skemmtun við að horfa á þær ekki síst fyrir foreldra og

aðstandendur stúlkanna, sem eru viðstaddir útskriftina. Þetta framtak hefur vakið mikla hrifningu hjá stúlkunum og rifjast upp mörg ævintýri, sem þær hafa upplifað á meðferðartímanum við áhorf á myndböndunum. Einnig skapar hefð þessi eftirvæntingu hjá þeim stúlkum sem styttra eru komnar í meðferðinni varðandi það að einhverntímann muni þær útskrifast frá Laugalandi og þá fái þær sambærilega veislu og myndband.

Kvikmyndagerð á Laugalandi

Kvikmyndagerð hefur skapað sér sess í þeirri meðferðarvinnu sem fram fer á Laugalandi. Pétur Guðjónsson hefur haft veg og vanda með kvikmyndagerðinni. Pétur lýsir á eftirfarandi hátt sögu kvikmyndagerðarinnar á Laugalandi.

Undanfarin ár hafa verið gerðar stuttmyndir á Laugalandi sem hefur gert tómstundastarfið lærdómsríkt, líflegt og skemmtilegt.

Á árunum 2010, 2011 og 2012 voru gerðar þrjár myndir, ein á hverju ári.

Fyrsta myndin var hét Draugaland sem var gerð á heimilismyndbandsupptökuvél og var handritið samið um leið og myndin var tekin. Hljóðupptökubúnaður var ófullkominn enda var um tilraunaverkefni um að ræða og fyrst og fremst verið að búa til skemmtilega tómstundaiðju.

Næsta mynd sem var gerð heitir Draumur um veruleika og var meira lagt upp úr gæðum þeirrar myndar. Leigður var búnaður frá framleiðsludeild sjónvarpsstöðvarinnar N4 á Akureyri. Skrifað var handrit með stúlkunum og myndin tekin upp á 10 dögum. Efni þeirrar myndar fjallar um hinn harða neysluheim, hópþrýsting og hvernig skyndi ákvarðanir undir áhrifum vímuefna getur haft alvarlegar afleiðingar.

Því næst kom myndin Má ég elska þig. Fyrir tölur á þeirri mynd var meðferðarheimilið búið að fjárfesta í alvöru myndbandsupptökuvél sem tók upp í góðum gæðum og var enn meira lagt upp úr undirbúningi, leiktækni, enn dýpra og betra handriti en áður. Má ég elska þig, fjallar um tengslaröskun, undirferli og hvernig vímuefnaneysla getur svipt fólk skynsemi og að fíklar geta tekið líf þeirra sem standa þeim næst, einfaldlega vegna þess að þeim er sagt að gera það.

Allar þessar myndir höfðu góð áhrif á meðferðarstarfið og voru stúlkurnar áhugasamar um að taka þátt í ýmsu sem tengist því að gera stuttmynd, hvort sem um lýsingu, förðun,

hljóðvinnslu eða myndatöku væri um að ræða. Auk þess að fá leiðsögn í leiklist, framsögn og tjáningu sem og að taka það stóra skref að þora að leika fyrir framan myndavélina og vera þátttakandi í sköpunarverkefni þar sem sýna þarf þolinmæði og ábyrgð.

Allar myndirnar hafa verið sýndar í boðssýningu í Sambíóinu á Akureyri. Foreldrum og ættingjum stúlkanna á Laugalandi var boðið á sýningarnar ásamt

barnaverndarfulltrúum, starfsfólki Stuðla ásamt öðrum velunnurum stúlkanna.

Frumssýningarnar hafa verið ákaflega vel heppnaðar í þétt setnum A salnum í bíóinu þar sem stúlkurnar hafa fengið hrós og athygli sem gefur þeim jákvæða upplifun og aukið sjálfstraust.

Á vormánuðum 2014 var byrjað að vinna með næstu hugmynd að stuttmynd fyrir Laugaland. Þá hafði undirritaður sótt sér meiri þekkingu á námskeiðum í handritsskrifum og var lögð enn meiri áhersla en áður að gera gott handrit. Einnig var meira lagt í hljóðvinnslu fyrir myndina með betri tæknibúnaði.

Sumarið 2014 var skrifað handrit fyrir myndina Titrandi tár sem var afhent stúlkunum og meðferðaraðilum á haustmánuðum 2014. Síðan var samlestur á handriti og skipað í hlutverk. Í kjölfarið á því hófust tölur á myndinni sem stóðu frá október 2014 fram í janúar 2015.

Myndin Titrandi Tár fjallar um Guðrúnu sem er 16 ára nemi í framhaldsskóla. Hún er samviskusöm og þarf stundum að taka ábyrgð á heimilinu en hún býr ein með móður sinni. Hún hittir fyrir tilviljun mann á fertugsaldri, Böðvar sem fer að eltast við hana. Á stuttum tíma er Guðrún orðinn þræll Böðvars en hann sér til þess að hún verður háð fíkniefnum. Böðvar er konungur undirheimanna sem svífst einskis til að stjórna öllu og öllum í kringum sig með ofbeldi, peningum og fíkniefnum.

Verkefnið gekk vel og var mikil samheldni meðal stúlkna og meðferðaraðila sem vann að því með samheldni og áhuga að gera verkefnið lærdómsríkt og áhugavert.

Pétur Guðjónsson

Skóli / Vinna

Margar þeirra stúlkna, sem koma í meðferð á Laugaland hafa afar neikvæða reynslu af skólagöngu, vegna þess að þær hafa á ýmsan hátt haft neikvæða upplifun af kröfum

skólans, viðmóti kennara og samskiptum við samnemendur. Í skólagöngu stúlkanna á Laugandi, sem fer fram í sérdeildinni í Hrafnagilsskóla er lögð áhersla á að sýna stúlkunum viðmót þar sem þær upplifa sig ekki sem „þolendur“ skólakerfisins. Talsverður tími getur liðið áður en þær fara að líta skólagönguna og kennarann jákvæðum augum. Lögð er áhersla á að námskröfur og kennsluáðferðir séu miðaðar að þörfum hvernar stúlku fyrir sig. Lögð er áhersla á að stúlkurnar fái staðfestingu á að þær geti lært, með því að hafa áætlanir raunsæjar og aðstoða þær við að takast á við það sem þær hafa einsett sér. Leitast er við að láta innihald kennslunnar höfða til þeirra, m.a. með því að tengja kennsluna því sem þær hafa áhuga á. Stúlkurnar hafa áhrif á innihald kennsluáætlunar og markmið um afköst. Þær stúlkur, sem hafa sýnt næga námsgetu og sjálfstjórn, fá tækifæri til að taka þátt í almennri kennslu í almennum bekk í Hrafnagilsskóla. Við það fá þær undirbúning undir að fara aftur í almennan grunnskóla eða í framhaldsskóla. Umsjónarkennari og aðalkennari stúlkanna veturinn 2014/2015 var Elín Díaná Davíðsdóttir. Fleiri kennarar koma þó að kennslunni, s.s í íþróttum, textíl og fleiri fögum. Stúlkurnar eiga möguleika á að fara inn í almennan bekk í Hrafnagilsskóla ef námsgeta og hegðun þeirra leyfir. Þær stúlkur sem hafa lokið grunnskólaprófi eiga kost á því að taka fjarnám við VMA eða fara í dagskóla í VMA. Ef stúlkur fara í fjarnám við VMA nota þær tölvur í skólastofunni að Hrafnagili og fá aðstoð kennarans þar, en einnig veita kennarar frá VMA þeim leiðsögn í gegnum tölvupósta. Flestar stúlkurnar sem fara í fjarnám taka 3 til 4 fög á önn annað hvort upptöku á 10. bekkjar námsefni eða fara í almennt nám. Stúlkurnar taka þátt í böllum og öðrum viðburðum í VMA eða Hrafnagilsskóla allt eftir áhuga hvernar stúlku fyrir sig.

Gott samstarf hefur verið á milli Laugaland og skólastjórnenda Hrafnagilsskóla og Verkmenntaskólans á Akureyri á árinu 2014 eins og undanfarin ár og þökkum við meðferðaraðilar Laugaland fyrir það.

Á haustönn, 2013 hóf ein stúlka frá Laugalandi nám í almennri deild í dagskóla við Verkmenntaskólann á Akureyri, henni gekk vel og fór hún einnig á vorönn, 2014 í VMA og kláraði hún önnina. Hún hafði veturinn 2012/2013 verið í Hrafnagilsskóla og lokið 10. bekk. Með þessu er hægt að sjá hversu Laugaland er framsækið meðferðarheimili og tilbúið til að aðlaga, styrkja og fylgja stúlkum eftir svo þær fá sömu tækifæri og jafnaldrar þeirra í samfélaginu. Víst er að það verður framhald á slíku námsframboði ef stúlkur kæra sig um og eru í stakk búnar til að takast á við þær ögranir sem fylgir því að vera í framhaldsskóla.

Meðferðaraðilar á Laugalandi hafa lagt á það áherslu að ef stúlkur eru á 17. ári og fyrir séð að þær verði fram yfir 17. ára afmælisdaginn sinn á Laugalandi að þær hefji ökunám hér og útskrifist frá Laugalandi með bílpróf. Þetta er þó ekki gert nema í samráði við foreldra. En undanfarin ár hafa nokkrar stúlkur útskrifast með bílpróf frá Laugalandi og sjáum við hversu mikilvægt það er fyrir stúlkur, sem hafa átt erfitt með að ljúka einhverju sem þær byrjuðu á að komast í gegnum ökunám.

Meðferðaraðilar á Laugalandi hafa verið í góðu samstarfi við nokkra atvinnurekendur á Akureyri á árinu 2014 eins og undanfarin ár. Stúlkur sem hafa verið vistaðar á Laugalandi hafa fengið vinnu með skóla og sumarvinnur við hin ýmsu störf á Akureyri má í því sambandi nefna afgreiðslustörf í Hagkaup, afgreiðslu í tískuvöruversluninni Imperial á Glerártogi, störf á sölbaðstofunni Stjörnusól, afgreiðslu í verslun og mótuneyti Fjölsmiðjunnar. Sumarið 2014 unnu fjórar stúlkur á Akureyri tvær í Fjölsmiðjunni, ein á sjóðvél í Hagkaup og ein á sölbaðstofunni Stjörnusól.

Meðferðaraðilar Laugaland 2014 hafa unnið metnaðarfullt starf og lagt sig fram um að ná sem mestum árangri með stúlkurnar. Þar sem þekkingu hefur þrotið hjá starfsmönnum vegna geðrænna erfiðleika hjá sumum skjólstæðinga okkar höfum við leitað til lækna og meðferðaraðila á BUGL. Einnig hafa meðferðaraðilar á Laugalandi verið í samstarfi við Steingerði Sigurbjörnsdóttur geðlækni, sem Barnaverndarstofa hefur gert þjónustusamning við. Steingerður hefur komið á Laugaland og verið með fræðslu fyrir meðferðaraðila Laugaland 2014. Þökkum við ofangreindum aðilum fyrir öflugt og fróðlegt samstarf. Meðferðarheimilið hefur átt gott samstarf lækna og annað starfsfólk á Sjúkrahúsinu á Akureyri SKA, ásamt lögreglunni á Akureyri og þökkum við þeim fyrir gott og skilningsríkt samstarf. Laugaland hefur verið þeirrar gæfu aðnjótandi að fá styrk úr Minningarsjóði Sigrúnar Mjallar Jóhannesardóttur undanfarin ár. Styrkurinn hefur verið nýttur í skapandi afþreyingu s.s tvær ferðir til London með stúlkur og til kvikmyndagerðar. Meðferðaraðilar á Laugalandi þakkar stjórn Minningarsjóðs Sigrúnar fyrir veittan stuðning við meðferðarstarfið á Laugalandi. Meðferðaraðilar á Laugalandi þakka Halldóri í Imperial fyrir að veita stúlkum á Laugalandi tækifæri til að starfa í tískuvöruverslun, einnig færum við Þórhöllu verslunarstjóra í Hagkaup á Akureyri og Rósu eiganda Stjörnusól þakklæti fyrir að veita stúlkunum tækifæri til að stunda vinnu. Einnig þökkum við fyrir frábært samstarf við Erling í Fjölsmiðjunni á Akureyri. Einnig færum við þakkir til

stjórnenda Leikfélags Akureyrar, Leikfélags Eyjafjarðarsveitar fyrir velvild og greiðasemi ásamt öllum öðrum fyrirtækjum sem við höfum átt viðskipti við. Einnig viljum við færa þakkir til nágranna okkar hér í Eyjafjarðarsveit fyrir velvild í garð starfseminnar og þær heimsóknir sem stúlkunum hefur staðið til boða á bæina til að kynnast sveitastörfum og umhirðu húsdýra. Síðast en ekki síst þökkum við barnaverndarnefndum og Barnaverndarstofu fyrir gott samstarf á árinu 2014.

Virðingarfyllst,

Pétur G. Broddason, forstm. Laugalandi.